

53 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um
12. apríl tekjuskattsgreiðslu af launaviðbót embættismanns. — Þorsteinn Jónsson, hjeraðslæknir í Vestmannaeyjum, sem með fjáráukalögunum 4. nóvbr. f. á. fyrir árin 1886 og 1887 fjekk uppbót á embættislaunum sínum frá 1. nóvbr 1876 til 31. desbr. 1887, að upphæð kr. 4397,66, hefur spurzt fyrir um, hvort sjer beri að greiða tekjuskatt af tjeðri upphæð, og ef svo er, þá af hve miklum hluta hennar og hve mikið af hundraði hverju.

Útaf þessu skal yður, herra amtmaður, hjer með tilkynnt, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að framangreind upphæð er vangoldin embættislaun fyrir all-langan tíma, sem hjer aðslæknirinn, ef launin hefðu verið greidd honum á rjettum tíma, eigi mundi hafa þurft að gjalda meiri tekjuskatt af en $1\frac{1}{2}$ af hundraði, þá álit jeg sanngjarnt, að hann heldur ekki nú, þó uppbótin hafi verið greidd honum öll á sama ári, greiði hærri tekjuskatt af henni en $1\frac{1}{2}$ af hundraði, og að hann greiði engan skatt af þeim hluta hennar, er stafar frá tímabilinu 1. nóvbrm. til 31. desbr. 1876.

54 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austuramtinu um skilning á ráðgjafabrjefi um byggingu þjóðjarða 25. maí 1880, 5. c. — Um leið og þjer senduð mjer umboðsreikning Reynistaðarklausturs með þóknanlegu brjefi 21. f. m., hafið þjer, útaf byggingu þjóðjarðarinnar Tungu í Saudárhreppi, beiðst úrlausnar minnar á því, hvort sá skilningur yðar á fyrirmælum ráðgjafabrjefs 25. maí 1880, 5. c. sje rjettur, að amtmaður hafi vald til að samþykkja bygging þjóðjarðar, ef það afgjald byðist, sem áður hefði verið goldið eptir jörðina.

Útaf þessu skal yður hjer með tilkynnt til þóknanlegrar leiðbeiningar, að jeg verð að álíta samkvæmt nefndu ráðgjafabrjefi 5. b. c. og d., að amtmaður hafi vald til að samþykkja byggingu þjóðjarðar, þegar það eptirgjald býðst, sem amtsráðið hefur stungið upp á og sem eigi er minna en verið hefur, eða þá það eptirgjald, sem hlutaðeigandi sýslunefnd hefur stungið upp á eða samþykkt, en sje hvorugt þessara skilyrða fyrir hendi, beri amtmanni að leita álits hlutaðeigandi sýslunefndar um tilboð þau, er fram hafa komið og senda síðan málið til landshöfðingja til úrskurðar.

Samkvæmt því skal jeg þjónustusamlega skora á yður, að leita álits sýslunefndarinnar í Skagafjarðarsýslu um eptirgjaldstilboð ábúandans á Tungu í Saudárhreppi og síðan senda mjer málið með þóknanlegum ummælum yðar.

55

Reikningur

yfir tekjur og gjöld legatssjóðs Ørum & Wulffs 1887.

Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. jan. 1888:
 - a. Innritunarskírteini fjárhagsstjórnarinnar Ltr. G. fol. 1130 Kr. 4000,00
 - b. Í peningum — 12,35 kr. 4012,35
 2. a. Leigur af innstæðu sjóðsins, 4% frá $1\frac{1}{6}$ 86 til $1\frac{1}{12}$ 86 — 80,00
- Flyt kr. 80,00 — 4012,35